

FUNDARBOÐ

**396. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, 25. febrúar 2021 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Lóðaumsóknir

1. 2102030 - Sæmundarreitur 1 - lóðarumsókn

Lagðar eru fram lóðarumsóknir um lóðina Sæmundarreitur 1 í Stykkishólmi, ásamt auglýsingu sem birtist á vef bæjarins. Alls bárust 8 umsóknir um lóðina.

Bæjarráð samþykkti að vísa afgreiðslu til næsta bæjarstjórnarfundar þar sem skal verða dregið um lóðarúthlutun í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

2. 2102031 - Sæmundarreitur 2 - lóðarumsókn

Lagðar eru fram lóðarumsóknir um lóðina Sæmundarreitur 2 í Stykkishólmi, ásamt auglýsingu sem birtist á vef bæjarins. Alls bárust sex umsóknir um lóðina.

Bæjarráð samþykkti að vísa afgreiðslu til næsta bæjarstjórnarfundar þar sem skal verða dregið um lóðarúthlutun í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Fundargerðir nefnda

3. 2102005F - Bæjarráð - 624

Fundargerð lögð fram.

4. 2102004F - Safna- og menningarmálanefnd - 112

Fundargerð lögð fram

5. 2102003F - Skipulags- og bygginganefnd - 248

Fundargerð lögð fram

6. 2102001F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 6

Fundargerð lögð fram

7. 2101006F - Skóla- og fræðslunefnd - 180

Fundargerð lögð fram

8. 2101005F - Stjórn Dvalarheimilis - 128

Fundargerð lögð fram

9. 2101004F - Æskulýðs- og íþróttanefnd - 81

Fundargerð lögð fram.

Erindi til kynningar

10. 2101043 - Fundargerðir stjórnar FSS

Lögð fram 112. fundargerð stjórnar FSS.

11. 2007006 - Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis

Lögð fram 10. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

12. 2102003 - Fundargerðir 2021 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram 894. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

13. 2008023 - Eigendafundur Sorpurðunar Vesturlands

Lögð fram fundargerð eigendavettvangs Sorpurðunar Vesturlands frá 1. febrúar sl.

14. 2102009 - Skýrsla SSV - Íbúakönnun landshlutanna - Vesturland

Lögð fram skýrsla SSV með niðurstöðum íbúakönnunar landshlutanna fyrir Vesturland.

15. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Lögð fram fundargerð 165. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

16. 2003028 - Fundargerðir stjórnar Hafnarsambands Íslands

Lögð fram fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands frá fundi nr. 431.

17. 2102041 - Fundargerð 190. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Lögð fram opinber útgáfa 190. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga.

18. 1909042 - Fundargerðir stýrihóps um hönnun og framkvæmdir á HVE Stykkishólmi (Hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Vesturlands)

Lögð fram fundargerð 15. fundar stýrihóps um Hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, HVE, í Stykkishólmi, sem fram fór 11. febrúar sl., vegna uppbyggingar og um leið breytingu á hluta húsnæðis sjúkrahússins í Stykkishólmi fyrir hjúkrunarheimili.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

19. 2102037 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum (þjóðferjuleiðir)

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum (þjóðferjuleiðir), 137. mál.

20. 2001020 - Sumarlokun leikskólans 2021

Á 623. fundi bæjarráðs voru teknar til umræðu tillögur skólastjóra að fyrirkomulagi sumarlokunar leikskólans 2021 og í bókun sinni á tók bæjarráð með skólastjóra að bregast verði við auknum orlofsrétti starfsmanna leikskólans, eins og nánar er vikið af í bókun bæjarráðs. Bæjarráð vísaði erindinu og bókun bæjarráðs til umsagnar í skóla- og fræðslunefnd.

Á 624. fundi bæjarráðs var lögð fram bókun/umsögn 180. fundar skóla- og fræðslunefndar vegna málsins sem og nýjar tillögur skólastjórnenda í samræmi við umsögn skóla- og fræðslunefndar.

Á 624. fundi bæjarráðs samþykkti bæjarráð þær tillögur skólastjórnenda sem lagðar voru fyrir bæjarráð og vísaði þeim til staðfestingar í bæjarstjórn.

21. 1907032 - Samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi

Lögð fram drög að samningi um samstarf um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og yfirumsjón með eignasjóði, þ.m.t. verklegum framkvæmdum og fasteignum, milli Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Drögin voru m.a. kynnt á fundi með kjörnum fulltrúum allra sveitarfélaganna síðastliðinn mánudag sem tóku jákvætt í framlögð drög. Á fundinum var rætt um tækifæri í samvinnu milli sveitarfélaga sem samstarf sem þetta felur í sér til bættrar þjónustu við íbúa. Um er að ræða þróunarverkefni sem snýst um að mæta kröfum samfélagsins.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi samningsdrög milli Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar um samstarf um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og yfirumsjón með eignasjóði, þ.m.t. verklegum framkvæmdum og fasteignum, og gangast þar með undir þær skuldbindingar sem í samningnum felast.

22. 1909016 - Stefna um gististaði á íbúðarsvæðum - Breyting á aðalskipulagi

Lögð fram skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar um gististaði á íbúðarsvæðum til afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Á 248. fundi skipulags- og byggingarnefndar samþykkti nefndin fyrirbyggjandi lýsingu til kynningar fyrir almenning og annarra hagsmunaaðila og til umsagnar í Skipulagsstofnun.

Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi lýsingu til kynningar fyrir almenning og annarra hagsmunaaðila og að hún verði send til umsagnar í Skipulagsstofnun.

23. 2101039 - Reitarvegur 8 - Lóðarblað og lóðarleigusamningur

Lögð fram drög að nýjum lóðarleigusamning við eigendur Reitarvegar 8, ásamt lóðarblaði í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi lóðarleigusamninga og lóðarblöð.

24. 2102032 - Sæmundarreitur 4 - Lóðaleigusamningur

Lögð fram drög að nýjum lóðarleigusamningi við eigendur Sæmundarreits 4, ásamt lóðarblaði samkvæmt núgildandi deiliskipulagi.

Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi lóðarleigusamninga og lóðarblöð.

25. 2102042 - Samþætting skólustarfs - Samrekstur grunnskóla og tónlistaskóla Stykkishólmsbæjar

Lögð fram tillaga að skipulagsbreytingum sem felur í sér breytingu á stjórnun með samrekstri grunnskóla og tónlistaskóla í ljósi þess að skólastjóri Tónlistaskóla Stykkishólms hefur óskað eftir að láta af störfum. Markmið skipulagsbreytinganna er fyrst og fremst að auka mátt tónlistar í sveitarfélaginu með því að auka svigrúm til faglegrar stjórnunar og ríkari kennsluskyldu sem byggir undir gæði náms og möguleika til kennslu. Þá eru þær í samræmi við skólastefnu eins og nánari grein er gerð fyrir í tillögunni.

26. 2010015 - Staða slökkviliðsstjóra Stykkishólms og nágrennis

Á 624. fundi bæjarráðs var lögð fram auglýsing um stöðu slökkviliðsstjóra Stykkishólms og nágrennis, ásamt þeim umsóknum sem bárust, en á 395. fundi bæjarstjórnar var bæjarráði, í samstarfi við bæjarstjóra, falið að taka viðtöl og gera tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu. Lögð er fram sú umsókn sem barst í starf slökkviliðsstjóra, en um starfið sótti Einar Þór Strand.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við Einar Þór Strand í starf slökkviliðsstjóra.

27. 2102010 - Reglur um tölvupóst og netnotkun ásamt leiðbeiningum um læsingu skjala með lykilorði.

Lagðar fram reglur um tölvupóst og netnotkun starfsmanna ásamt leiðbeiningum um læsingu skjala með lykilorði, sem og eyðublað fyrir starfsmenn til staðfestingar á yfirferð gagna við starfslok.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja reglur um tölvupóst og netnotkun starfsmanna ásamt leiðbeiningum um læsingu skjala með lykilorði, sem og eyðublað fyrir starfsmenn til staðfestingar á yfirferð gagna við starfslok.

28. 2011039 - Samningur við FAS um samfélagslega viðspyrnu og eflingu samfélagsins

Lögð fram að nýju drög að samningi við Félag atvinnulífs í Stykkishólmi. Drög samningsins voru tekin fyrir á fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar sem fagnaði þeim og á fundi safna- og menningarmálanefndar sem gerði engar athugasemdir.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi samning við Félag atvinnulífs í Stykkishólmi.

29. 1910031 - Reglur Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar

Lögð eru fram að nýju drög að reglum um styrkveitingar Stykkishólmsbæjar þar sem Lista- og menningarsjóði er jafnframt fundinn staður í reglunum.

Bæjarráð vísaði reglunum, á 615. fundi sínum, til umsagnar í safna- og menningarmálanefnd og æskulýðs- og íþróttanefnd.

Safna- og menningarmálanefnd tók jákvætt í fyrirbyggjandi reglur um styrkveitingar og þær áherslur sem þar koma fram.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi reglur um styrkveitingar Stykkishólmsbæjar.

30. 2102034 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags)

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál. Þá er jafnframt lögð fram tillaga starfshóps minni sveitarfélaga um sameiningarákvæði.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar.

31. 2006055 - Kosningar í bæjarráð

Kosning aðal- og varamanns í bæjarráð, sbr. 47. gr. samþykktu um stjórn

Stykkishólmsbæjar, með áorðnum breytingum, vegna beiðni frá Þóru Stefánsdóttur, bæjarfulltrúa, um lausn frá störfum.

32. 2011035 - Framtíð Breiðafjarðar, samantekt og niðurstöður

Lagt fram erindi sem Breiðafjarðarnefnd hefur sent umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt tillögum um framtíð verndar, nýtingar og stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar. Erindið er í formi skýrslu sem nefnist: Framtíð Breiðafjarðar. Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs.

Þá er lögð fram bókun 6. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar. Bæjarráð vísar afgreiðslu bókunar atvinnu- og nýsköpunarnefndar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

23.02.2021

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.